

við frv. til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ef kona, sem vitjar héraðslæknis eða annars starfandi læknis, sem er sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, er sjúk á þann hátt, að læknirinn telur það lífshættu fyrir hana eða varanlegt heilsutjón að verða barnshafandi og fæða barn, er honum skylt að aðvara hana í því efni og láta henni í té leiðbeiningar til þess að koma í veg fyrir, að hún verði barnshafandi.

Ef um gifta konu er að ræða, sem þannig er ástatt um, eða konu, sem býr ógift með barnsföður sínum, er lækninum skylt að gefa eiginmanni hennar, eða barnsföður, leiðbeiningar gegn barngetnaði, eða gera á honum viðeigandi aðgerð, ef hann óskar, til þess að koma í veg fyrir, að konan verði barnshafandi.

Ráðherra gefur út og landlæknir fær læknum í hendur leiðbeiningar fyrir veiklað fólk um varnir gegn barngetnaði.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt. Greinatalan breytist eftir því og tilvitnanir til greinanna í öðrum greinum frumvarpsins.

3. Við 3. gr. Síðasta málsg. orðist þannig:

Það er að koma til leiðar fæðingu fyrir tíma, að framkalla fæðingu áður en kona hefir tekið léttasótt og fæðing hafizt af sjálfu sér.

4. Við 9. gr. Síðasta málsg. falli burt.

5. Við 10. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar kona hefir oftár en einu sinni alið vanskapað barn eða haldið meðfæddum sjúkdómi, sem ástæða er til að ætla, að sé arfgengur í ætt föðursins, er héraðslækni skylt að benda honum á hættuna, sem yfir vofir, og veita honum þá aðgerð, ef hann óskar, sem komi í veg fyrir, að hann auki kyn sitt framvegis.

Sama gildir um móðurina, þegar eins stendur á um arfgeng mein i hennar ætt.

6. Fyrirsögn frv. orðist þannig:

Fr. til laga um leiðbeiningar fyrir veiklað fólk um varnir gegn barngetnaði og um fóstureyðingar.